# Fundargerð

141. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 - 23. júní 2020, kl. 16:00.

Viðstaddir:

Eva Stefánsdóttir, formaður, Birgitta Rún Birgisdóttir, Jón Haukur Hafsteinsson, Alexander Ragnarsson, Birgir Már Bragason, Guðbergur Reynisson formaður ÍRB, Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ

* * *

**1. Uppbygging íþróttamannvirkja og svæða í Reykjanesbæ (2019050297)**

Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs mætti á fundinn og kynnti vinnu við æfingavöll vestan Reykjaneshallar sem og fyrirhugaða uppbyggingu íþróttamannvirkja við Afreksbraut. Guðlaugi Helga er þökkuð góð kynning.

ÍT ráð leggur áherslu á að lokið verði við deiliskipulag svæðisins og að tryggt verði fjármagn í fjárhagsáætlun ársins 2021 fyrir fullnaðarhönnun á íþróttahúsi við Afreksbraut samkvæmt stefnu í uppbyggingu íþróttamannvirkja og svæða sem samþykkt var á 134. fundi íþrótta- og tómstundaráðs sem haldinn var þann 17. október 2019.

**2. Samningur við NES íþróttafélag fatlaðra á Suðurnesjum (2020060142)**

Samningur við NES íþróttafélag fatlaðra á Suðurnesjum lagður fram og samþykktur.

**3. Fimleikadeild Keflavíkur - viðhaldsáætlun áhalda (2020050399)**

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjanesbæjar heimsótti Fimleikadeild Keflavíkur undir þessum lið í fundargerðinni og fékk kynningu á þeirri þörf sem er að myndast við endurnýjun tækja og búnaðar.

Fimleikadeild Keflavíkur lagði fram áætlun um endurnýjun tækja deildarinnar.

Erindinu vísað til fjárhagsáætlunarvinnu ráðsins.

**4. Hvatagreiðslur 2020 (2020010184)**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi fór yfir stöðu hvatagreiðslna en sveitarfélagið hefur greitt 35.700.000 kr. frá 1. janúar til 10. júní 2020.

**5. Samþætting skólastarfs og íþrótta- og tómstundastarfs (2020010077)**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti niðurstöður starfshóps um samþættingu skólastarfs og íþrótta- og tómstundastarfs.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50

Eva Stefánsd.

Birgitta Rún Birgisd.